

Jafnréttisáætlun Korpukots

Jafnréttisáætlun Korpukots

Jafnréttisáætlunin er leiðarvísir fyrir starfsfólkið til að stuðla að góðu jafnræði í hvívetna.

Markmið með jafnréttisáætlun leikskólans er að tryggja jafnrétti kynjanna á sem víðtækustum grunni og að jafnrétti sé gætt í öllu starfi. Lögð er áhersla á að koma fram við nemendur, starfsfólk og foreldra af virðingu og á uppbyggilegan hátt og lagst er gegn hvers konar einelti. Í leikskólanum er unnið gegn viðhorfum sem leitt gætu til aðstöðumunar vegna kyns, kynþáttar, trúarbragða, uppruna, fötlunar og kynhneigðar.

Nemendur

- Skipulag skólustarfsins tekur mið af jafnrétti kynja, þar sem stúlkur jafnt sem drengir fá að njóta sín
- Stuðlað að vináttu og samleik beggja kynja
- Leikefni og viðfangsefni skulu vera fjölbreytt
- Unnið er gegn staðalímyndum kynjanna og forðast að hafa þær í bókum og/eða söngtextum
- Jafnræðis er gætt í framkomu og viðmóti við nemendur

Starfsfólk

- Lögð er áhersla á að allir starfsmenn geti elft kunnáttu sína og hæfni
- Jafnréttissjónarmiða er gætt við stöðuveitingar
- Leitast er við að fræða starfsfólk og opna umræðu um jafnréttismál

Foreldrar

- Báðir foreldrar eru hvattir til þátttöku í leikskólstarfinu
- Leitast er við að hafa upplýsingastreymi jafnt til beggja foreldra
- Stuðlað er að góðum samskiptum og samstarfi við báða foreldra, hvort sem þau eru í sambúð eða ekki

Mikilvægt er að tryggja jafnrétti í víðum skilningi til að hæfileikar allra fái notið sín og leikskólinn njóti þess mannaúðs sem býr í hverjum og einum.

Jafnréttisáætlun Korpukots

Einelti

Einelti er samskiptavandi, síendurtekið andlegt og líkamlegt ofbeldi og beinist að ákveðnum einstaklingi. Gerandi er einstaklingur eða hópur og stundum áttar viðkomandi sig ekki á því að um einelti er að ræða. Í öðrum tilvikum getur einelti verið af ásettu ráði og þá oft vegna þess að gerandanum líður illa. Verði einhver fyrir slíkri framkomu hefur sá hinn sami rétt til að tilkynna háttsemina til skólastjóra, deildarstjóra eða öryggistrúnaðarmanns og munu þeir aðilar styðja starfsmanninn við að leita réttar síns og sinna úrlausn málsins í samvinnu við þolanda, geranda/gerendur og sérfróða aðila ef þurfa þykir. Stuðst er við bækling sem gefinn er út af fjármálaráðuneytinu og prentaður fyrir Kennarasamband Íslands árið 2009.

Kynferðisleg áreitni

Kynferðisleg áreitni og einelti líðst ekki í leikskólanum Korpukoti og á það við um alla, jafnt börn sem fullorðna. Verði einhver fyrir slíkri framkomu hefur sá hinn sami rétt til að tilkynna háttsemina til skólastjóra, deildarstjóra eða öryggistrúnaðarmanns og munu þeir aðilar styðja starfsmanninn við að leita réttar síns og sinna úrlausn málsins í samvinnu við þolanda, geranda/gerendur og sérfróða aðila. Ef grunur leikur á að barn sé beitt ofbeldi er það tilkynnt umsvifalaust til barnaverndarnefndrar. Stjórnendur leikskólans Korpukots hafa sótt forvarnarþjálfun gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á vegum Blátt áfram.